

Minnispunktur á fundi með atvinnuveganefnd Alþingis 11. apríl 2019.

1. Vísað til innsendra athugasemda frá LAXINN LIFI o. fl.
2. Óheyrilegur áróður og brýstingur norsku eldisfyrirtækjanna á pólitíkina.
Ótal fjölmiðlafulltrúar, herskari lögmanna, fyrrverandi forseti Alþingis.

Nýlegt smádæmi um pólitíska þjónkun við norsku eldisfyrirtækin:
Með rg. 55/2019 23. jan. sl. breytti sjávarútvegsráðherra rg.105/2000 þannig að felld var niður 5 og 15 km lágmarksfjarlægð sjókvíaeldis frá laxveiðiðám. Þyrfti að vera lögbundin. Einnig er sérkennileg hugmynd um leyfisútgáfu til eilífðar.
3. Gífurleg áhætta fyrir villta laxastofna er á ábyrgð Alþingis.
Fyrirsjáanlegt tjón veiðiréttarhafa, aðallega bænda, á ábyrgð ríkisins.
Umhverfistryggingar því brýn nauðsyn.
(Ef þær eru dýrar, þá er ástæðan mikil áhætta á tjóni.)
4. Útlendingar, sem kunnugir eru laxeldi í opnum sjókvíum, skilja ekki hvernig íslenskir forystumenn í pólitík líta fram hjá áhættunni á umhverfistjóni.
5. Mótvægisáðgerðir. Töfraorð, sem leysa á margan vanda.
Engar raunhæfar mótvægisáðgerðir eru til, nema sú að hætta við eldi í opnum sjókvíum. Helst minnst á myndavélaeftirlit í ánum. Ef einhver eldisfiskur sést, hvað á þá að gera -- eftir á þegar skaðinn er skeður?
Með síðari tilkomu blendinga hverfur síðan útlitsmunur á eldisfiski og villtum fiski. Sama gildir varðandi lax sem sleppur sem seiði. Hann greinist ekki í myndavélum.
6. Störf við eldið: Ekki er hagstætt að eyða störfum í dreifðum og brothættum byggðum landsins í staðinn fyrir störf við nýtt sjókvíaeldi. 3.400 lögbýli hafa tekjur af lax- og silungsveiði. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands metur verðmæti þeirra veiðihlunninda á 170 milljarða.
7. Laxeldi í opnum sjókvíum er hvorki umhverfisvænt (50% af framleiðslunni fer í sjóinn sem saur- og fóðurleifar) né sjálfbært (eldið þarf 1,5 kg af fóðri fyrir hvert framleitt kg og í hvert kg af fóðri þarf amk 4-5 kg af fiski til mjölframleiðslu). Laxeldi í sjókvíum er flokkað sem mengandi starfsemi hjá Umhverfisstofnun.
8. Ekkert samráð hefur verið haft við Landssamband veiðifélaga né náttúruverndarsamtök við gerð lagafrumvarpsins. Hver eða hverjir sömdu nýja frumvarpið?
9. Norsku eldisfyrirtækin ekki nýgræðingar í fiskeldi. Hafa áratuga reynslu frá Noregi, Skotlandi og víðar. Sækja hér í nánast ókeypis nýtingu náttúruauðlindar, sem ekki er lengur fánleg í Noregi, nema fyrir háar fjárhæðir. Eldi í opnum sjókvíum er úrelt eldistækni, sem er á útleið í heiminum vegna margvíslegra vandamála.
10. Dómsmál og kærur til ESA og eftirlitsnefndar Árósasamningsins.
4 dómsmál í framhaldi af skyndilagasetningunni 9. okt. 2018 og útgáfu bráðabirgðarekstrarleyfa.
1 dómsmál vegna leyfa fyrir eldi í Reyðarfirði á grundvelli vafasamrar framlengingar á gömlu leyfi.
1 dómsmál vegna eldis í Arnarfirði sbr. veiddra eldislaxa í mörgum ám landsins á sl. ári.
Kæra til ESA vegna skyndilaga 9/10 sl., sem ógiltu 5 úrskurði ÚUA.
Kæra til eftirlitsnefndar Árósasamningsins vegna skyndilaganna 9/10 2018.
11. Gjaldtaka: Þarf að vera einföld og skýr grunnur. Engin ástæða til að bíða að hluta í mörg ár.